

Stefnuræða með fjárhagsáætlun 2011 – fyrri umræða 9. desember 2010


Inngangur

Frumvarp að fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2011 er hér lagt fram til fyrri umræðu. Gert er ráð fyrir að A-hluti bæjarsjóðs skili 5,4 m.kr hagnaði. Reiknað er með að sami hagnaður 5,4 m.kr verði af rekstri A- og B hluta samstæðunnar en með óreglulegum tekjum í B-hluta er reiknað með að hagnaður samstæðunnar verði 78,4 m.kr.

Í þessari útgáfu áætlunarinnar er ekki reiknað með tekjum og gjöldum vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélga um áramót, en mikil vinna hefur verið innt af hendi af starfsmönnum, velferðarráði og fleirum vegna yfirfærslunnar. Upplýsingar um væntanlega þjónustubörf liggja nú fyrir og verður hægt að setja fram áætlun fyrir bæði tekjur og kostnað vegna málaflokksins fyrir síðari umræðu um fjárhagsáætlun. Í raun er því verið að gera ráð fyrir því hér að tekjur vegna málaflokksins séu jafnar útgjöldum.

00 Skatttekjur

Áætlunin gerir ráð fyrir að skatttekjur, þar með taldar tekjur úr Jöfnunarsjóði, verði 407 m.kr í samanburði við 455 m.kr árið á undan. Þær dragast því saman um 11%. Munar þar mest um áætlaða lækkun tekna úr Jöfnunarsjóði, en áætluð lækkun frá fjárhagsáætlun fyrra árs er 32 m.kr eða 25%. Þjónustutekjur verða samkvæmt áætluninni 205 m.kr. og hækka um 5,5 m.kr. frá áætlun 2010.



Veltufé frá rekstri A-hluta er 39,4 m.kr en 58 m.kr frá rekstri samstæðunnar. Gert er ráð fyrir að fjárfest sé fyrir 88 m.kr á árinu og munar þar mest um fjárfestingu í snjóflóðavörnum 50 m.kr.

Reiknað er með að skuldir og skuldbindingar samstæðunnar verði 1.001,9 m.kr í árslok 2011, en þær voru 1.116 m.kr í árslok 2009.

Útsvar

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að útsvarsprósenta ársins 2011 verði 13,28% sem er lögbundið hámark. Á árinu 2010 var útsvarið 13,94%, vegna 5% álags á útsvar. Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur ársins verði 289 m.kr. samanborið við 297 m.kr. í áætlun 2010.

Jöfnunarsjóður

Reiknað er með að tekjur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði 89 m.kr á árinu 2011, en áætlun ársins 2010 gerði ráð fyrir 121 m.kr. Lækkun á milli ára er því 32 m.kr. eða um 26%.

Fasteignagjöld

Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði (A) er 0,5% af fasteignamati húss og lóðar. Fasteignaskattur á opinbert húsnæði í eigu ríkisins (B) og aðrar fasteignir (C) er 1,32% af fasteignamati húss og lóðar. Vatnsgjald er 0,40% og holræsagjald 0,30% af fasteignamati húss og lóðar, en lóðarleiga 1% af fasteignamati lóðar fyrir íbúðarhús en 2% af fasteignamati lóðar fyrir aðrar lóðir. Sorphreinsgjald er 16.170 kr/íbúð og sorpeyðingargjald er 18.480 kr/íbúð og hækka þau gjöld því um 5% á milli ára. Veittur er 5% staðgreiðsluafsláttur ef öll fasteignagjöldin eru greidd fyrir 20. febrúar 2011.

Sorphreinsi- og sorpeyðingarmálin eru nú til skoðunar og verður væntanlega farið í talsvert meiri flokkun á sorpi en nú tíðkast í sveitarfélaginu, en með því má lækka kostnað við urðun eða brennslu.

Gjaldskrár

Engin hækkun er á gjaldskrá leikskóla, tónlistarskóla, heilsdagsskóla, mötuneyti og heimaþjónustu. Öðrum gjaldskrárhækkunum er mjög stillt í hof, en dæmi um hækkunir eru afleiddar hækkunir af orkusölu 14,6% hjá Bolungarvíkurhöfn, vegna hækkana frá Orkubúi Vestfjarða, aðrir liðir gjaldskrár Bolungarvíkurhafnar eru óbreyttir. Nýmæli í gjaldskrá hafnarinnar er að tekið er upp farþegagjald fyrir 12 ára og eldri sem ferðast með farþegabátum. Vatnsveita, gatnagerðargjöld og framkvæmdarleyfi hækka samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar eða um 1%.

Gjaldskrá íþróttamiðstöðvarinnar tekur verulegum breytingum, sérstaklega hvað varðar árskort í sund. Árskort í sund fyrir fullorðna lækka úr 31.250 kr. í 13.900 kr. Þá er tekin upp sú nýbreytni að bjóða upp á árskort í sund fyrir börn á aldrinum 7 til 18 ára sem kostar einungis 2.500 kr. Jafnframt hefur verið ákveðið að veita nemendum Grunnskóla Bolungarvíkur árskort í sund sem gjaldfært verður sem frístundastyrkur. Þannig munu börn á grunnskólaaldri áfram fá frítt í sund, en árskort í sund fyrir unglinga á aldrinum 16 til 18 ára lækkar úr 31 þúsundi í 2.500 krónur.

02 Félagsþjónusta

Útgjöld vegna félagsþjónustu hækka talsvert á árinu í 33 m.kr. úr 27 m.kr. ef miðað er við áætlun 2010, sem m.a. stafar af aukinni félagslegri aðstoð og liðveislu. Styrkur að upphæð 2 m.kr. vegna sérverkefnis sem er að ljúka og átti að vera til greiðslu á árinu 2010 hefur ekki verið greiddur ennþá, en vænta má að hann verði greiddur á árinu 2011. Ekki hefur verið gert ráð fyrir styrknum í fjárhagsáætlun.

Yfirfærsla á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga fer fram um næstu áramót og verður eitt byggðasamlag fyrir Vestfirði. Verkefni Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum mun flytjast til fjögurra félagsþjónustusvæða samkvæmt þjónustusamningi við Byggðasamlag Vestfjarða.

Samkvæmt samningnum mun Ísafjarðarbær sinna sumum verkefnum fyrir öll svæðin, en önnur verkefni mun hvert og eitt félagsþjónustusvæði sjá um fyrir sína íbúa. Ísafjarðarbær tekur þannig við verkefnum Svæðisskrifstofu hvað varðar:

- Skammtímavistun (tímabundin – en oftast regluleg – dvöl fyrir börn/fullorðna sem eru mikið fötluð, ætluð sem hvíld fyrir fjölskyldur og þá sem eru fatlaðir)
- Hæfingarstöðina Hvestu (hæfing og iðja fyrir fullorðna fatlaða)
- Vesturafl (geðræktarmiðstöð og starfsendurhæfing opin fyrir bæði fólk með fötlun og alla sem búa við skert lífsgæði vegna veikinda, fötlunar, atvinnuleysis eða annarra aðstæðna.)

Eitt þjónustusvæðanna er Félagsþjónustan við Djúp, sem er samvinnuvettvangur Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps. Þau verkefni sem Félagsþjónustan við Djúp tekur við eru:

- Frekari liðveisla (margháttuð persónuleg aðstoð í daglegu lífi fyrir 18 ára og eldri)
- Stuðningsfjölskyldur (sem taka fatlað barn í umsjá sína í skamman tíma til að létta álagi af fjölskyldu barnsins.
- Ráðgjöf (til fatlaðra og aðstandenda, bæði vegna barna og fullorðinna, ráðgjöf um fatlanir, ráðgjöf um réttindi, aðstoð við samskipti við aðrar stofnanir, mat á þörf á þjónustu ofl.)

Félagsmálastjóri verður í „Verkefnahópi um málefni fatlaðra“, en í honum sitja félagsmálastjórar félagsþjónustusvæðanna ásamt verkefnastjóra Byggðasamlagsins.

Bolungarvíkurkaupstaður hefur á að skipa góðu starfsfólki sem hefur bæði þekkingu og reynslu til að takast á við þau verkefni sem fylgja tilflutningi á þjónustu við fatlaða til sveitarfélagsins. Fólk sem einnig er fullt af áhuga að takast á við ný verkefni.

04 Fræðslu og uppeldismál

Gert er ráð fyrir að kostnaður við útgöld vegna Grunnskóla, Leikskóla og Tónlistarskóla verði samtals 230,6 m.kr. en tekjur verði 26,4 m.kr. Af skatttekjum fara því í fræðslumál 204 m.kr. sem skiptast þannig að Grunnskólinn fær til sín (75%) 152,5 m.kr. , Leikskólinn (18%) 37 m.kr. og Tónlistarskólinn (7%) 13,3 m.kr.

05 Menningarmál

Á árinu 2011 er reiknað með að farið verði í að bæta aðbúnað gesta og starfsmanna í Ósvör, með styrkjum sem safnið hefur fengið á árinu 2009 og 2010, en öllum framkvæmdum þau ár var frestað þar til nýr vegur um jarðgöng yrði tekinn í notkun og vegurinn ofan við safnið þá ekki lengur þjóðvegur með tilheyrandi hraðri umferð.

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Áætlað er að nettóútgöld í málaflokkinn verði 32,7 m.kr, þar af kosti íþróttamiðstöðin 16,4 m.kr., en opnunartíminn þar hefur verið aukinn nokkuð eftir að jarðgöngin opnuðu. Unnið er markvisst að því

að auka tekjur íþróttamiðstöðvarinnar og má í því sambandi nefna að í haust var samið við Grunnskólann í Súðavík um afnot af sundlaug vegna sundkennslu nemenda. Talsverð aukning hefur verið á sumaraðsókn undanfarin tvö sumur og er reiknað með að aðsóknin aukist enn með komu fleiri ferðamanna til Vestfjarða. Þá er reiknað með að aukinn opnunartími þýði auknar tekjur yfir veturinn. Þegar fara þurfti í skerðingu á opnunartíma á árinu 2009 þá mæltist það vægast sagt illa fyrir hjá notendum íþróttamiðstöðvarinnar. Viðbrögðin við auknum opnunartíma hafa því að vonum verið afar jákvæð hjá notendum og er ljóst að vilji bæjarbúa er sá að geta nýtt þá frábæru aðstöðu sem fyrir hendi er.

07 Brunamál og almannavarnir

Með tilkomu Bolungarvíkurganga gefst tækifæri á aukinni samvinnu varðandi eldvarnareftirlit og slökkvilið. Forkönnun á sameiningu sem fram fór á árinu 2009 gaf til kynna að spara mætti talsverðar fjárhæðir með sameiningu liðanna. Frekari vinna hefur ekki farið fram ennþá, en rætt hefur verið að um meiri samvinnu á milli bæjarfélaganna við Djúp. Samstarfið gæti hafist með því að hafa sameiginlegt eldvarnareftirlit. Ekki er búið að setja inn í áætlunina neinn sparnað vegna þessa.

09 Skipulags og byggingamál

Vinnu við Aðalskipulag fyrir Bolungarvík er að ljúka, en uppsafnaður kostnaður við það er nálægt 20 m.kr. Reiknað er með endurgreiðslu á kostnaði vegna þess frá Skipulagsstofnun að upphæð 4,5 m.kr., en á árinu 2010 voru endurgreiddar 5 m.kr. Heildarendurgreiðslan verður því nálægt 50% af útlögðum kostnaði vegna skipulagsins. Nettó útgjöld málaflokksins á árinu 2011 eru 648 þús. kr.

10 Umferðar og samgöngumál

Gert er ráð fyrir svipaðri niðurstöðu í málaflöknum og var árið 2009 eða kostnaði sem nemur 15,3 m.kr., en undir málaflökkin fellur m.a. viðhald gatna og gangbrauta, götulýsing og snjómokstur.

11 Umhverfismál

Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaða málaflokksins verði kostnaður sem nemi 8,7 m.kr., en stærsti liðurinn er þar sláttur og hirðing opinna svæða, 4,25 m.kr. Þá er reiknað með að yfir sumarið sé starfandi umhverfisfulltrúi.

21 Sameiginlegur kostnaður

Sameiginlegur kostnaður lækkar um eina m.kr. á milli ára og verður um 54,5 m.kr.

28 Fjármagnsliðir

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að verðbólga ársins 2011 verði 2,3% og fjármagnsliðir verði nettó neikvæðir um 16 m.kr. í A-hluta og 45,2 m.kr. í A- og B-hluta. Reiknað er með að niðurfellingu á 73 m.kr skuld við Íbúðalánasóð í áætluninni. Niðurfellingin var upphaflega áformuð á árinu 2010, en nú er ljóst að hún mun ekki að skila sér á þessu fjárhagsári og því rétt að gera ráð fyrir henni á næsta ári. Er þetta gert með hliðsjón af því viðbótarsamkomulagi sem gert var á milli kaupstaðarins og Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga (EFS) þann 17. febrúar 2009.

Fjárfestingar ársins – fjármögnun framkvæmda

Félagsheimili Bolungarvíkur – endurbygging

Endurbygging Félagsheimilisins er nú á lokastigi. Verktakar við fyrri áfanga eru að ljúka sinni vinnu og verktaki við síðari áfanga er langt kominn með sitt verk. Þann 15. janúar n.k. verður opið hús þar sem gestum og gangandi verður boðið að skoða húsið hátt og lágt og þiggja veitingar. Reiknað er með að sveitarfélagið þurfi að leggja fram 10 m.kr. á árinu 2011 til að ljúka við framkvæmdir við Félagsheimilið.

Snjóflóðavarnir

Reiknað er með að framkvæmdir í snjóflóðavörnum verði 500 m.kr á árinu. Hlutur bæjarfélagsins er 10% eða 50 m.kr og verður að fullu fjármagnaður með láni frá Ofanflóðasjóði.

Grunnskóli / Íþróttamiðstöð

Á árinu 2010 var búinn til nýr inngangur á grunnskólann og farið í breytingar innandyrna til að hægt væri að tengja skólann við íþróttamiðstöðina með tengigangi. Á árinu 2011 er reiknað með að ljúka þeirri tengibyggingu ofl. og er áætlað til verksins allt að 6 m.kr.

Bolungarvíkurhöfn

Reiknað er með að fjárfesting ársins hjá Bolungarvíkurhöfn verði 13,7 m.kr. Um er að ræða endurbætur á brimvörn utan við Brimbrjótinn, öldudempanði fláa innan við Brimbrjótinn og lengingu á flotbyggju um 30 metra. Allt eru þetta verkefni sem reiknað er með að fari inn á samgönguáætlun ársins og er heildarkostnaður 34 m.kr. Þá er reiknað með fjárveitingu í lýsingu á Sjávarbraut ásamt vegriði eða annari vörn.

Félagslega húsnæðiskerfið

Þar sem nokkur endurnýjun hefur orðið á bæjarfulltrúum þá er rétt að gera í örfáum orðum grein fyrir málefnum félagslega húsnæðiskerfisins, en það hefur tekið til sín óhemju mikla fjármuni frá aðalsjóði á undanförunum árum.

Sýnt hefur verið fram á að raunverulega heildarskuld kerfisins í árslok hafi numið 774 m.kr í árslok 2008, en bókfært verðmæti eigna var þá 190 m.kr. Af þessum skuldum húsnæðiskerfisins voru 340 m.kr skuldir við lánastofnanir, en 430 m.kr voru skuldir við aðalsjóð m.v. uppreikning með verðbótum og 3% vöxtum. Verðbætur og vextir vegna þessa voru þó ekki bókaðir á húsnæðiskerfið sérstaklega, heldur komu í raun sem vaxtakostnaður á aðalsjóð. Stóran hluta skulda A-sjóðs má því í raun rekja til innlausnarskyldu sveitarfélagsins á íbúðum á verði sem var langt yfir markaðsverði. Var þar um stjórnvaldsaðgerð (lög) að ræða sem sveitarfélagið fékk engu ráðið um á þeim tíma. Til að setja fjárhæðina, sem aðalsjóður hefur tekið á sig, í samhengi þá jafngildir hún 144% af útsvarstekjum ársins 2011. Ef sambærileg krafa hefði verið gerð t.d. gagnvart Reykjavíkurborg þá þýddi það að borgin hefði tekið á sig 56 milljarða skuld. Greiðslubyrði aðalsjóðs vegna skulda sem í raun eru komnar til vegna félagslega húsnæðiskerfisins má ætla að nemi á milli 35 og 40 m.kr. á ári og rétt að taka fram að engar sérstakar aðgerðir hafa komið til sem taka á því máli, hvorki niðurfellingar né aðrar ívilnanir.

Þær niðurfellingar sem EFS lagði til hafa þannig ekkert með skuldir félagslega húsnæðiskerfisins við aðalsjóð að gera. Hugsunin hjá EFS með niðurfellingunni var hinsvegar að lækka þær skuldir sem enn stóðu inni í félagslega húsnæðiskerfinu um nálægt því helming og gera kerfinu þannig kleyft að standa undir þeim skuldum sem eftir stæðu. Þess vegna gerði nefndin tillögu til samgönguráðherra um 146 m.kr. niðurfellingu skulda félagslega húsnæðiskerfisins og skuldbatt sig jafnframt til að fylgja því eftir eins og aðkomu annarra lánardrottna. Eins og fram hefur komið áður þá voru 73 m.kr. felldar niður á árinu 2009, en eftir á að fella niður 73 m.kr. til viðbótar til þess að samningur kaupstaðarins við EFS gangi eftir. Óhætt er að fullyrða að fullur vilji er til þess hjá nefndinni að fylgja því máli eftir.

Vatnsveitan

Gert er ráð fyrir að Vatnsveitan verði rekin með 7,3 m.kr. halla á árinu 2011. Ef rækjuvinnsla hefst og verður að einhverju marki á árinu 2011 má þó búast við að mikil breyting verði þar á. Bæjaryfirvöld hafa lagt á það mikla áherslu við Byggðastofnun að fenginn verði aðili að rekstrinum sem fyrst. Ætla má að starfsemi rækjuverksmiðjunnar skili bæjarsjóði milljónatugum á ári hverju.

Fráveitan

Fráveitan er rekin með 5,4 m.kr. hagnaði, en þar eru afskriftir 0 kr. Samanlagt eru veiturnar tvær, Vatnsveitan og Fráveitan því reknar með 1,9 m.kr. halla.

Lántaka

Reiknað er með nýrri lántöku vegna snjóflóðavarna að upphæð 50 m.kr, en einnig er reiknað með að aðalsjóður taki 45 m.kr langtímalán sem upphaflega var reiknað með að taka á árinu 2010 til að greiða niður óhagstæðari lán. Þá er reiknað með að Hafnarsjóður taki 36 m.kr lán vegna framkvæmda og vegna greiðslu skulda við aðalsjóð.

Samanburður við þriggja ára áætlun

Ef við berum saman áætlun ársins 2011 og þriggja ára áætlun sveitarfélagsins frá því í febrúar 2010 þá kemur þar í ljós mismunur sem hér verður gerð grein fyrir .

Fjárhagsáætlun ársins 2011 fyrir A-hluta gerir ráð fyrir 5,4 m.kr. afgangi í samanburði við 68 m.kr. afgangi sem gert var ráð fyrir í þriggja ára áætlun. Munurinn á milli áætlana liggur í því að í þriggja

ára áætlun var gert ráð fyrir 38 m.kr. meiri tekjum en áætlun 2011 gerir nú ráð fyrir, þar af er reiknað með að framlög úr Jöfnunarsjóði verðir 20 m.kr. minni.

Á kostnaðarhliðinni gerir áætlun 2011 ráð fyrir 187 m.kr. í annan rekstrarkostnað á móti 168 m.kr. í þriggja ára áætlun sem er 19 m.kr. mismunur. Þá er reiknað með því að fjármagnskostnaður verði 16 m.kr. 2011 en ekki 7,5 m.kr. eins og þriggja ára áætlun gerir ráð fyrir. Þessi 8,5 m.kr. munur er eðlilegur þar sem þriggja ára áætlun gerir ekki ráð fyrir verðbreytingum. Þessir þrjú þættir skýra því mun sem nemur 65,5 m.kr. verri afkomu. Launabáttur áætlunarinnar 2011 er hinsvegar 270 m.kr. á móti 273 m.kr. í þriggja ára áætlun eða 3 m.kr. lægri, þannig að munurinn á milli þriggja ára áætlunarinnar og áætlunar ársins 2011 er alls 62,5 m.kr. Af þeim mismun eru í raun einungis 16 m.kr. sem bæjarstjórn getur haft áhrif á, en 46 m.kr. ráðast af öðrum þáttum.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 er því í meginatriðum að fylgja þriggja ára áætlun hvað kostnað varðar, en tekjurnar eru hinsvegar minni. Tekjuskerðinguna má rekja að hálfu til almenns ástands í landinu þ.e. minni ráðstöfunartekna Jöfnunarsjóðs og að hálfu til annarra þátta eins og atvinnuástands í byggðarlaginu.

Þakkir

Að lokum vill bæjarstjóri þakka fjármálastjóra og öðrum starfsmönnum ásamt forstöðumönnum stofnana fyrir þá vinnu sem þeir hafa lagt fram við vinnslu fjárhagsáætlunar. Bæjarráði og þá sérstaklega formanni bæjarráðs er þakkað gott samstarf við vinnslu fjárhagsáætlunar.

Fjárhagsáætlun ásamt gjaldskrár fyrir Bolungarvíkurkaupstað fjárhagsárið 2011 er hér lögð fram til fyrri umræðu.

Bolungarvík 9. desember 2010
Elías Jónatansson, bæjarstjóri